

REGLUGERÐ um bann við veiði smásíldar.

1. gr.

Bannað er að veiða smásíld, 23 cm að lengd eða minni, sé hún verulegur hluti síldarafla fiskiskips.

Lágmarksstærð síldar er mæld frá trjónuodda að sporðsenda.

2. gr.

Fái fiskiskip síldarkast, sem bersýnilega er að mestu leyti smásíld, 23 cm að lengd eða minni, þá er skipstjóra fiskiskipsins skylt að sleppa síldinni þegar í stað úr nótinni.

3. gr.

Sé skipstjóri fiskiskips í vafa um hlutfall smásíldar í aflanum, þá ber honum, áður en verulega hefur verið þrengt að síldinni í nótinni, að taka sýnishorn af aflanum í smáriðin háf og mæla 100 síldir valdar af handahófi. Reynist meira en 50 síldir, 23 cm að lengd eða minni, ber honum að sleppa síldinni þegar í stað.

Ef fyrirhugað er að setja síld um borð í síldarmóttökuskip, er skipstjóra þess skylt að ganga úr skugga um að helmingur síldarafla hvers einstaks veiðiskips fullnægi stærðarmörkum 1. mgr. Stærðarhlutföllin skulu prófuð á þann hátt, sem í 1. mgr. segir.

Sýni þessar prófanir, að helmingur síldaraflans sé síld 23 cm eða minni, skal skipstjóra síldarmóttökuskipis óheimilt að taka síldina í síldarmóttökuskipið.

4. gr.

Nú kemur síldveiðiskip eða síldarmóttökuskip með síldarfarm til hafnar blandaðan smásíld og er þá síldarmóttakanda skylt að ganga úr skugga um, hvert sé hlutfall smásíldarinnar í aflanum, á þann hátt að tekin skulu þrjú sýnishorn valin af handahófi með 100 síldum í hverju. Sé hlutur smásíldar samanber 1. gr. að meðaltali úr þessum þremur sýnishornum meiri en 55%, skal síldarmóttakandi gera Ferskfiskeftirlitinu á staðnum aðvart, sem síðan gengur úr skugga um stærðarhlutföllin á sama hátt og að framan greinir og kærir hlutaðeigandi skipstjóra veiðiskips eða síldarmóttökuskipis til sekta, sé hlutur smásíldarinnar yfir 55%.

5. gr.

Sjávarútvegsmálaráðuneytið veitir, að fengnu álitni Hafrannsóknastofnunarinnar og Fiskifélags Íslands, leyfi til veiði smásíldar, 23 cm að lengd eða minni, til niðursuðu eða annarar vinnslu til manneldis eða til beitu. Leyfi þetta má binda skilyrðum, sem nauðsynleg þykja.

6. gr.

Ferskfiskeftirlitið, sbr. lög nr. 42/1960, skal hafa eftirlit með því, að ákvæðum þessarar reglugerðar sé fylgt.

7. gr.

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varða sektum samkvæmt lögum nr. 44 5. apríl 1948, sbr. lög nr. 81 8. desember 1952.

8. gr.

Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála.

9. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 1. gr. laga nr. 44 5. apríl 1948, um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins, til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsmálaráðuneytið, 22. febrúar 1966.

Eggert G. Þorsteinsson.

Gunnlaugur E. Briem.